

Ed.

619. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um aðflutningsbann á áfengi.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins »telja« komi: fara með sem.
2. — 2. —
 - a. Orðið »eða« á síðari stað 1. línu falli burtu.
 - b. Eftir orðið »efnarannsóknarstofu« bætist inn í: náttúrugripasafna.
 - c. Fyrir »annars þvilíks fyrirtækis« komi: annara þvilíkra stofnana.
 - d. Í stað orðsins »Loks« komi: Enn.
 - e. Í 7.—8. línu falli burtu orðin: »vínanda — og«.
 - f. Orðin »er katólskum prestum« falli burtu, en í þeirra stað komi: skal próföstum og forstöðumönnum annara kirkjudeilda.
 - g. Orðin »í kirkjum þeirra« falli burtu.
3. — 4. —
 - a. Í 3. línu að neðan, eftir orðið »beðið« komi: Nú reynist áfengið annað eða meira en um var beðið og skal umsjónarmaður þá endursenda sendanda það tafarlaust, ef annað er en um var beðið, eða það sem umfram reynist, enda er skipstjóra, sem flutti, eða útgerðarmanni skips, skylt að taka við því án borgunar á farmgjaldi.

- b. Orðin »rétt að« í 2. málsg. 3. línu falli burtu.
- c. Í stað orðanna: »sé gert . . . landssjóð«, í 2. málsg., komi: eign landssjóðs.
4. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: enda gangi lögreglustjóri úr skugga um það, áður en skip lætar úr síðustu höfn, að innsigli séu heil og ekkert hafi verið tekið úr ílátunum.
5. — 6. — a. Í stað »6« í næst síðustu línu 1. málsgreinar komi: 12.
- b. Í stað orðanna »en sé upptækt ella« í niðurlagi 1. málsgreinar komi: Ella sé það eign landssjóðs.
- c. Orðin »og skal það áfengi gert upptækt« falli burtu.
- d. Í stað »8« í 2. málsgrein komi: 12.
- e. Í stað orðanna í 3. málsgrein: »gera áfengið upptækt« komi: áfengið eign landssjóðs.
6. — 7. — Aftan við greinina bætist: nema læknislyf sé úr lyfjabúð eða frá lækni.
7. — 9. — a. Í stað »1912« komi: 1915.
- b. Í stað »tafarlaust gert upptækt« komi: vera eign landssjóðs.
8. Eftir 9. gr. bætist ný grein, sem verður 10. grein, svolátandi:
- Um leið og ákvæði 1. greinar um bann gegn aðflutningi áfengis hingað til lands ganga í gildi, skulu lögreglustjórar rannsaka áfengisbirgðir þeirra manna, sem vinsöluleyfi eða vinveitingaleyfi hafa. Jafnframt skulu þeir semja nákvæma skýrslu yfir áfengisbirgðirnar og merkja öll áfengisilát glöggu heimildarmerki á þann hátt, er stjórnarráðið skipar fyrir um.
- Þessi rannsókn áfengisbirgða skal endurtekin á 6 mánaða fresti meðan vinsólumenn og vinveitingamenn halda söluheimild innanlands og skulu þá jafnframt ónýtt heimildarmerkin á þeim ílátum, sem tæmd eru.
9. 10. gr. verður 11. gr. og orðist svo:
- Þær áfengisbirgðir, sem einstakir menn kunna að hafa í vörzlum sínum 1. jan. 1915, er ekki skylt að flytja burtu úr landinu, en eigendur þeirra skulu skyldir að gefa lögreglustjóra vottorð, að viðlögðum drengskap, um hverjar og hve miklar birgðir þeir hafi. Slík vottorð skal síðan gefa, um hver áramót, um hverjar og hve miklar birgðir séu óeyddar, unz birgðirnar eru þrotnar.
- Áfengi það er hér ræðir um, má aldrei flytja burtu af heimili eiganda, nema hann flytji sjálfur búferlum, eða það sé áður gert óhæft til drykkjar.
10. — 11. — sem verður 12. gr.:
- a. Í stað orðanna »og skal þá gera heimilrannsókn hjá honum« komi: og má þá gera heimilrannsókn hjá honum eftir dómsúrskurði.
- b. Orðin »Skal — hlut á« falli burtu.
- c. Í 2. málsg. komi í stað orðanna »sýna sönnunargögn þess« orðin: skýra frá því.

11. Við 12. gr. Greinin falli burtu.
12. — 13. — Greinin falli burtu.
13. — 14. — sem verði 13. gr.
a. Orðin »sé það af áfengi« falli burtu.
b. Fyrir orðið »það« í 3. línu komi: áfengið.
c. Orðin »Óhlýðnist«, til endu greinarinnar, falli burtu.
14. — 15. — sem verði 14. gr. Í stað orðanna »gert upptækt« komi: verða eign landssjóðs.
15. — 16. — sem verði 15. gr.
a. Fyrir »fjárnám í« komi: fjárnám fyrir.
b. Fyrir »50—1000« komi: 50—500.
c. Fyrir »200—1000« komi: 100—1000.
16. — 17. — sem verði 16. gr. Fyrir »gert upptækt« komi: verða eign landssjóðs.
17. — 18. — Greinin verði 17. gr.
18. — 19. — Greinin verði 18. gr.
19. — 20. — sem verði 19. gr. Orðin »að öðru leyti« falli burtu.
20. — 21. — Greinin verði 20. gr.
21. — 22. — Greinin verði 21. gr.
22. — 23. — Í stað hennar komi tvær nýjar greinar svo hljóðandi:
22. gr. Með lögum þessum eru numin úr gildi þau ákvæði laga nr. 26, 11. nóv. 1899 og önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.
23. gr. Að svo miklu leyti sem ekki er öðru vísi ákveðið í lögum þessum, koma þau til framkvæmdar 1. jan. 1912.